Samstarfsyfirlýsing vegna þátttöku Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í miðlægu bráða- og viðbragðsteymi á höfuðborgarsvæðinu vegna ofbeldis meðal barna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

1) Tilgangur og markmið

Undirritaðir aðilar, Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, lýsa yfir vilja til þátttöku og samstarfs í starfi bráða- og viðbragðsteymi höfuðborgarsvæðisins (hér eftir teymið) vegna ofbeldis meðal barna á aldrinum 10 til 18 ára í samræmi við samstarfssamning sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna frá dags xx.xx.2026 og samþykktar verklagsreglur bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps.

2) Hlutverk Barna- og fjölskyldustofu

- Stuðningur við þjálfun starfsfólks bráða- og viðbragðsteymisins á meðan samningstíma stendur.
- Regluleg handleiðsla farsældar- og meðferðarsviðs vegna vinnslu einstaklingsmála í bráða - og viðbragðsteyminu.
- Stuðningur við mat á verkefninu, sbr. 6. gr. verklagsreglna teymisins.

3) Hlutverk Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

- Aðkoma að samráðsfundum og sameiginlegri vinnslu einstaklingsmála í bráða- og viðbragðsteymi.
- Seta í stuðningsteymum barna skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Að bregðast við á vettvangi og bjóða forsjáraðilum barns þjónustu teymisins.

4) Fjárhagsleg atriði

- BOFS og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu bera kostnað vegna starfs síns starfsfólks sem tengist vinnu teymisins.
- Að öðru leyti skapast engar fjárhagslegar skuldbindingar með þessari yfirlýsingu.

5) Gildistími og afturköllun

- Yfirlýsingin tekur gildi við undirritun.

- Ef aðili vill hætta samstarfi samkvæmt samstarfsyfirlýsingu þessari er það heimilt að undangenginni umræðu í stýrihópi teymisins um ástæður þess. Skal það þá tilkynnt öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnum og starf teymisins endurskoðað í samræmi við það.

6) Aðilar sem undirrita þessa samstarfsyfirlýsingu:

- Barna- og fjölskyldustofa
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Undirritun

Með undirritun staðfesta eftirfarandi aðilar vilja sinn til samstarfs í samræmi við ofangreint.

F.h. Barna- og fjölskyldustofu,

_____

Ólöf Ásta Farestveit forstjóri

F.h. Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu,

_____

Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026